

1866.
14. maí.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um laun handa lög-regluþjóni á Akureyri.

Með bréfi dagsettu 29. janúarmán. þ. á. hafð þér, herra amtmaður, sent hingað bænaraskrá frá Stefáni Thórarensen, bæjarfógeta á Akureyri; biður hann í því um liðsinni amtsins til þess að veittir verði 100 rd. úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins sem tillag til að launa regluþjóni í kaupstaðnum, með því að bæjarstjórnin hefir fallið á, að borga megi 100 rd. úr bæjarsjóðnum til þessa, ef að jafnumikið fengist úr jafnaðarsjóðnum. Hafð þér lagt til með því, að stjórnarráðið gefi leyfi til, að borga megi samkvæmt 2. gr. í opnu bréfi 24. nóvembermán. 1856 úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins fyrst um sinn árlega þá 100 rd., sem sókt er um, þannig að fengið verði álit alþingis um málið, þegar því verður við komið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að með því að dómsmálastjórnin ekki hefir nægar sannanir fyrir því, að ráðstöfun sú, sem hér er rædt um að gjöra, sé í svo nánu sambandi við frjálsu verzlunina á Íslandi, að greiða megi kostnað þann, sem af henni leiðir, á þann hátt sem ákveðið er í opnu bréfi 24. nóvembermán. 1856, þá finnst stjórnarráðinu það ekki eiga að fallast á uppástungu yðar í þessu efni.

14. maí.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um útvegun bólu-setningarbóka.

Í bréfi 12. júlímán. f. á. beiddist stjórnarráðið álits yðar, herra amtmaður, um skjal, sem hingað hafði borizt beina leið, frá Birni Halldórssyni, prófasti í Þingeyjarsýslu og sóknarpresti að Laufási; hefir hann í því spurt um:

- 1) hvort amtmanninum yfir norður- og austuramtinu beri eigi að leggja til og senda bólusetningarbækur til Laufáss

prestakalls og Sauðaness prestakalls, sem prestaköll þessi nú sem stendur vantar; og

1866.
14. maí.

- 2) hvort að hann (séra Björn) og presturinn að Sauðanesi, ef þeim yrði gjört að skyldu að útvega bólusetningarbækur til prestakalla sinna, megi þó ekki fá það, sem þær kosta, greidd úr jafnaðarsjóði amtsins, án þess að þeir fyrirfram sendi amtmanni kvittun.

Eptir að dómsmálastjórnin nú hefir fengið bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 27. janúarmán. þ. á., þar sem þér meðal annars hafið tekið fram, að það hafi æfinlega verið regla í norður- og austuramtinu, að hlutaðeigandi prestar hafi sjálfir útvegað bólusetningarbækurnar, og að yðar hyggju verði ekki leidd þessu gagnstæð regla af ákvörðuninni í 5. gr. konungsbréfsins 18. júlímán. 1821, þar það einasta geti álitizt að hafa haft fyrir augum fyrstu bækurnar, sem átti að senda prestunum, og við þetta bætist, að konungsbréf 24. marzmán. 1830 5. gr. ákveður einungis, að það eigi að borga kostnaðinn við að útvega bækur þessar úr opinberum sjóði — skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það og gjörrið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að samkvæmt ákvörðuninni, sem áður var nefnd, í 5. gr. konungsbréfsins 18. júlímán. 1821, sem ekki verður tekin í þeim einskorðaða skilningi, sem þér hafið vikið á, er það skylda amtsins að útvega bækur þessar og senda prestunum þær löggiltar. Þegar svo er, kemur hin spurningin, sem Björn prófastur Halldórsson hefir borið upp, ekki til greina.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um að krefjast lestagjalds og sekta af skipi, er formaður þess hafði brotið á móti verzlunarlögunum.

18. maí.

Dómsmálastjórnin hefir fengið frá amtmanninum yfir vesturum-